

GJALDSKRÁ

fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, skal borgarstjórn innheimta gjald sem hér segir:

1. flokkur	kr. 39.250	6. flokkur	kr. 125.610
2. flokkur	kr. 47.100	7. flokkur	kr. 157.000
3. flokkur	kr. 70.655	8. flokkur	kr. 204.110
4. flokkur	kr. 78.500	Eftirfylgniferð	kr. 39.250
5. flokkur	kr. 94.210		

Tímagjald þjónustuverkefna, þ. á m. sýnataka, kr. 15.700.

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali I með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemin takmörkuð þannig að eftirlit með starfseminni verði umfangsminna sem því nemur er Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur heimilt að fella niður allt að helming gjaldsins og að sama skapi taka aukalega gjald sé eftirlitið umfangsmeira en gjaldflokkur segir til um.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem Heilbrigðiseftirlitið telur ganga lengra en reglur kveða á um, er Heilbrigðiseftirliti heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sbr. 2. gr., skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð starfsleyfis eins og hér segir:

Starfsemi, þar sem krafist er auglýsingar starfsleyfis skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, kr. 54.980 auk útlagðs kostnaðar vegna auglýsingar, vinnu við gerð sértækra starfsleyfis-skilyrða og kaupa á sérfræðiþjónustu vegna útgáfu starfsleyfis.

Önnur starfsleyfi kr. 39.250.

Við endurnýjun starfsleyfis eða við eigendaskipti greiðast kr. 31.410 sé um að ræða starfsemi skv. 2. mgr. en kr. 23.560 sé um að ræða starfsemi skv. 3. mgr. Hafi umtalsverðar breytingar orðið á rekstri eða húsnæði að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þá skal greiða gjald eins og um væri að ræða nýja starfsemi.

Starfsemi þar sem krafist er skráningarskyldu skv. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, greiðast kr. 39.250 við skráningu og umtalsverðar breytingar á starfsemi þ.á.m. flutning í nýtt húsnæði. Við eigendaskipti greiðast kr. 23.560.

Fyrir leyfi til markaðs- og götusölu greiðist kr. 15.700 en Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

Við útgáfu nýrra tóbaksöluleyfa greiðast kr. 26.395 en við endurnýjun og eigendaskipti greiðast kr. 14.710.

4. gr.

Vegna útgáfu starfsleyfa, sem ekki heyra undir ákvæði 3. gr. skal innheimt gjald samkvæmt reikningi. Sama á við ef kostnaður vegna útgáfu starfsleyfis skv. 3. gr. reynist vera meiri en gert var ráð fyrir í áætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Starfsleyfisgjald greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eða skoðun skal greiða kr. 15.700 og fyrir eiturbeiðnir kr. 3.800.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um er að ræða óflokkaða eftirlitsskylda starfsemi eða aukin eftirlitsverkefni, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þá er heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun skal greiða gjöld samkvæmt samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimtir gjald fyrir vottorð, eiturbeiðnir og leyfi til markaðs- og götusölu.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 4. mgr. 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1473/2020 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavíkurborg.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 21. desember 2021.

Dagur B. Eggertsson.

Fylgiskjal 1.**Flokkun fyrirtækja í gjaldflokka samkvæmt eftirlitssviðum.****Matvælaeftirlit**

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
01.41.1.	Þjónusta við jarðyrkju	1
15.13.1	Kjötiðnaður, lítill	4
15.13.2	Kjötiðnaður, miðlungs	6
15.13.3	Kjötiðnaður, stór	7
15.13.4	Kjötpökkunarstöð	6
15.20.5	Harðfiskverkun	4
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	4
15.20.82	Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttar, miðlungs.	4
15.33.00	Önnur ótalin vinnsla ávaxta og grænmetis	4
15.42.01	Framleiðsla olíu	6
15.51.0	Mjólkurbú	7
15.51.01	Mjólkurbú, lítið	6
15.51.1	Ostagerð	7
15.51.2	Jógúrtframleiðsla	4
15.52.0	Ísgerð	6
15.52.01	Ísgerð, lítil	4
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru	6
15.80.05	Matvælasnertiefni	tímagj.
15.81.0	Brauðverksmiðjur, litlar	4
15.81.1	Brauðverksmiðjur	6
15.81.2	Bakarí	6
15.82.0	Kex- og kökuframleiðsla	7
15.84.0	Súkkulaði og sælgætisgerð	6
15.87.0	Framleiðsla á kryddum, aukefnum, bragðefnum og fæðubótarefnum, lítill	4
15.87.1	Framleiðsla á kryddum, aukefnum, bragðefnum og fæðubótarefnum, miðlungs	6
15.87.2	Framleiðsla á kryddum, aukefnum, bragðefnum og fæðubótarefnum, stór	7
15.88.00	Framleiðsla á fituspr. matvælum, sjúkra og sérþæði, miðlungs	4
15.88.01	Framleiðsla á fituspr. matvælum, sjúkra og sérþæði, stór	6
15.89.1	Salatgerð	6
15.89.2	Framleiðsla tilbúinna rétta, miðlungs	4
15.89.3	Framleiðsla tilbúinna rétta, stór	6
15.89.4	Framleiðsla tilbúinna rétta, lítill	2
15.91.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	4
15.93.0	Framleiðsla á léttu víni	4
15.96.0	Bjórgerð	4
15.98.0	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítill	4
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	6
15.98.2	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	7
51.31.0	Heildverslun með grænmeti, meðal	4
51.31.1	Heildverslun með grænmeti, stór	6

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
51.36.0	Heildverslun með sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl.	4
51.39.1	Heildverslun með matvæli, lítil	2
51.39.2	Heildverslun með matvæli, meðal	4
51.39.3	Heildverslun með matvæli, stór	6
51.39.4	Heildverslun með matvæli án lagers	1
52.11.10	Stórmarkaðir, miðlungs	6
52.11.11	Stórmarkaðir, stórir	7
52.11.20	Matvöruverslanir með vinnslu, meðal	6
52.11.21	Matvöruverslanir með vinnslu, stórar	7
52.11.22	Matvöruverslanir með vinnslu, litlar	4
52.11.30	Matvöruverslanir án vinnslu, meðal	4
52.11.31	Matvöruverslanir án vinnslu, stórar	6
52.11.32	Matvöruverslanir án vinnslu, litlar	2
52.11.4	Söluturnar	1
52.11.5	Söluturnar með ís/samlökugerð	4
52.11.6	Matsöluvagnar	2
52.23.0	Fiskbúðir	4
52.24.0	Smásala á brauði og kökum	4
52.27.0	Sérverslun með matvörur	4
52.62.0	Markaðir	4
52.62.1	Sölubás	1
55.10.1	Gistiheimili	2
55.10.2	Gistiskálar	2
55.12.0	Hótel	3
55.11.1	Hótel með litlum matsölustað	4
55.11.2	Hótel með miðlungs matsölustað	6
55.11.3	Hótel með stórum matsölustað	7
55.23.1	Heimagingingar	1
55.23.2	Íbúðir	1
55.30.2	Skemmtistaðir með matsölu	7
55.30.30	Skyndibitastaðir, litlir/veitingaverslanir	4
55.30.31	Skyndibitastaðir, miðlungs/veitingastofur	5
55.30.4	Brauðstofur	4
55.30.6	Veitingahús, lítil	4
55.30.7	Veitingahús, meðal	6
55.30.8	Veitingahús, stór	7
55.40.1	Krár litlar, lágmarks matargerð	2
55.40.2	Krár stórar, lágmarks matargerð	3
55.40.5	Kaffistofa	2
55.40.6	Veitingatorg/mathallir	4
55.40.7	Kaffihús, lítið	3
55.40.8	Kaffihús, miðlungs	4
55.40.9	Kaffihús, stór	6
55.51.1	Mötuneyti, lítil	4

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
55.51.2	Mötuneyti, miðlungs	6
55.51.3	Mötuneyti, stór	7
55.52.0	Sala á tilbúnum mat, án framleiðslu	1
55.52.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	4
55.52.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	6
55.52.3	Sala á tilbúnum mat, stór	7
63.12.01	Kæli- og frystigeymslur	2
63.12.02	Vörugeymslur, flutningsmiðstöðvar, litlar	4
63.12.03	Vörugeymslur, flutningamiðstöðvar, miðlungs	6
63.12.04	Vörugeymslur, flutningamiðstöðvar, stórar	7
85.32.61	Einkasalir, félagsheimili	2
Óflokkað	Merkingaefirlit	tímagj.
Óflokkað	Sýnataka	tímagj.

Umhverfisefirlit

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
05.02.1	Seiðaelði	3
15.11.01	Svínasláturhús	6
24.11.2	Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda	4
01.12.1	Gróðrarstöðvar	2
05.02.21	Landeldi	4
05.02.22	Kvíaelði	6
01.23.0	Svínarækt	8
01.24.0	Alifuglarækt, stærri	6
01.24.0	Alifuglarækt, minni	4
01.24.1	Hæsnahald í þéttbýli	1
01.25.9	Hundarækt	2
01.25.9	Kattarækt	2
01.25.91	Húsdýragarðar	3
01.42	Hestasundlaugar	2
01.42.02	Kattageymslur	2
01.42.3	Hundahótel	2
14.21.0	Malar- og sandnám	2
15.13.1	Kjötiðnaður	6
15.20.2	Saltfiskverkun	4
15.20.41	Heitloftspurrkun fiskafurða	4
15.20.5	Harðfiskverkun	4
15.20.61	Vinnsla fisks, lítil	2
15.20.62	Vinnsla fisks, meðalstór	4
15.20.63	Vinnsla fisks, stór	6
15.20.72	Fiskimjölsvinnsla	4
15.42.01	Lifrabræðsla og lýsishreinsun	6
15.51.0	Mjólkurbú	6
15.51.1	Ostagerð	4

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
15.52.0	Ísgerð	4
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru	4
15.71.0	Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisföðurs	4
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, stór	6
15.98.0	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, lítil	4
20.30.91	Trésmíðaverkstæði með lökkun	3
20.30.92	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	1
21.22.0	Framleiðsla pappírsvöru til heimilis og hreinlætis	2
22.21.0	Prentun dagblaða	4
22.22.1	Offsett- og hæðarprentun	2
22.22.2	Sáldprentun	6
22.22.3	Prentstofur	2
22.25.01	Umfangsmikill prentiðnaður	6
24.30.01	Málningarverksmiðjur, efnavörueftirlit	4
24.30.01	Málningarverksmiðjur, mengunarvarnaeftirlit	6
24.42.0	Lyfjagerð	2
24.51.01	Hreinlætisvöruverksmiðjur, efnavörueftirlit	3
24.51.01	Hreinlætisvöruverksmiðjur, mengunarvarnaeftirlit	6
24.52.01	Snyrtivöruframleiðsla	2
25.20.00	Plastvöruframleiðsla	4
26.13.0	Framleiðsla gleríláta	2
26.61.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	5
26.63.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	7
26.70.0	Steinsmíði	2
26.82.91	Malbikunarstöðvar	7
28.51.0	Meðferð og húðun málma	6
28.51.1	Sandblástur málma	6
28.52.01	Blikksmíði	2
28.75.0	Gullsmíðir	2
29.00.01	Vélsmíði og vélaviðgerðir I	2
29.00.02	Vélsmíði og vélaviðgerðir II	4
31.70.0	Rafvéla verkstæði	4
35.11.0	Skipasmíði og skipaviðgerðir	6
35.30.0	Smíði og viðgerðir loftfara og geimfara	4
40.10.01	Spennistöðvar	4
40.10.02	Spennaviðgerðir	4
40.10.05	Vatnsaflsvirkjun	4
41.00.0	Vatnsveitur	6
45.11	Niðurrif bygginga og annarra mannvirkja	3
50.20.01	Bifreiða- og vélaverkstæði	4
50.20.02	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun	4
50.20.03	Bifreiðasprautun	4
50.20.04	Bifreiðaréttingar	2
50.20.05	Bón- og bílaþvottastöðvar, sjálfvirkar	4

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
50.20.06	Bónstöðvar, handvirkar	2
50.20.07	Ryðvarnarverkstæði	6
50.20.08	Smurstöðvar	4
50.20.09	Hjólbarðaverkstæði	4
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, stórar	8
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, meðal	6
50.30.1	Bílapartasölur	4
50.50.01	Bensínstöðvar	3
50.50.01	Bensínstöðvar, stórar	6
50.50.01	Bensínstöðvar, litlar	4
51.57.01	Móttaka brotamálms	6
51.57.02	Móttaka spilliefna	6
51.57.03	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	4
51.57.05	Litlar brennur	tímagj.
51.57.04	Stórar brennur	tímagj.
52.11.11	Stórmarkaðir	6
52.11	Matvöruverslanir, litlar	1
52.11	Matvöruverslanir, miðlungs	3
52.11	Matvöruverslanir, stórar	4
52.11.8	Tóbakssala	1
52.31.0	Apótek	3
52.33.01	Snyrtivöruverslanir	2
52.46.11	Byggingavöruverslanir, litlar	3
52.46.12	Byggingavöruverslanir, meðalstórar	7
52.46.12	Byggingavöruverslanir, stórar	8
52.46.21	Málningarvöruverslanir	4
52.48.8	Blómaverslun með B og C efni	4
52.49.1	Gæluðýraverslanir	2
52.49.93	Smásala efna í flokkum X, A og B	4
52.49.95	Þjónustuaðilar kælikerfa sem selja kælimiðla	2
52.49.96	Innflytjendur kælikerfa	1
55.40.	Hávaðaeftirlit veitingast.	3
60.23.0	Samgöngumiðstöðvar	1
63.12.0	Vörugeymslur	2
63.12.01	Kæli- og frystigeymslur	1
63.12.05	Gasbirgðastöðvar með < 100 m ³ geymslurými	6
63.21.01	Vöruflutningamiðstöðvar	2
63.21.02	Bið- og endastöðvar strætisvagna	1
63.21.03	Biðstöðvar leigubifreiða	1
63.23.01	Flugvellir	8
63.23.03	Æfingasvæði fyrir flugvallarslökkvilið	4
73.1	Rannsóknastofur	4
74.70.0	Meindýravarnir	1
74.81.01	Framköllunarþjónusta	2

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
74.81.02	Ljósmyndastofur	2
74.84.1	Garðaúðun	1
75.23.0	Fangelsi	4
75.25.01	Svæði til slökkvi- og reykæfinga	4
80.10.0	Grunnskólar stórir	6
80.10.0	Grunnskólar stórir, mötuneyti	3
80.10.0	Grunnskólar lóð	tímagj.
80.10.0	Grunnskólar litlir	4
80.21.0	Framhaldsskólar	6
80.22.0	Sérskólar	4
80.30.0	Skólar á háskólastigi	6
80.42.2	Tónlistarskólar	1
85.11.1	Deildaskipt sjúkrahús	5
85.11.4	Dvalar- og hjúkrunarheimili	5
85.11.44	Vistheimili	1
85.11.5	Áfengismeðferð	3
85.11.9	Önnur heilbrigðisþjónusta	3
85.12.1	Heilsugæslustöðvar	3
85.12.2	Læknastofur	1
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur/án skurðstofa	2
85.12.21	Læknahús, aðgerðastofur/rannsóknastofur	4
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur	4
85.13.0	Tannlæknastofur	2
85.14.1	Sjúkraþjálfun stór	2
85.14.2	Sjúkraþjálfun lítil	1
85.14.31	Röntgenstofur	2
85.14.92	Fótaaðgerðastofur	1
85.14.94	Kírópraktor	1
85.20.01	Dýralæknastofur	2
85.20.02	Dýraspítalar	2
85.31.4	Sambýli	1
85.31.9	Gistiskýli fyrir heimilislauða	2
85.32.1	Daggæsla í heimahúsum	2
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna litlir	5
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna stórir	5
	Leikskólalóð	tímagj.
85.32.21	Gæsluvellir	2
85.32.41	Félagsmiðstöðvar	2
85.32.42	Félagsmiðstöð umfangsmikil	3
85.32.42	Frístundaheimili	2
85.32.44	Frístundaheimili umfangsmikil	3
85.32.6	Félagsaðstaða fullorðinna	3
90.00.01	Skólphreinsistöðvar	8
90.00.02	Móttökustöðvar fyrir úrgang	8

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
90.00.03	Gámastöðvar	4
90.00.04	Flutningur úrgangs	4
90.00.05	Flutningur spilliefna	4
91.31	Safnaðarheimili, kirkjur	2
92.	Tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi	4
92.32	Hljómsveitaræfingahúsnæði	2
92.13.0	Kvikmyndahús/leikhús – hávaðaefirlit	5
92.31.01	Kvikmyndahús/leikhús – húsnæði og sælgætissala	3
92.33.0	Rekstur skemmtigarða	4
92.33.01	Flugeldasýningar	tímagj.
92.34.0	Dansskólar	1
92.5	Söfn	1
92.61.01	Stórir sundstaðir	6
92.61.02	Litlir sundstaðir	3
92.62.0	Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir	4
92.62.03	Íþróttamannvirki, íþróttahús og -vellir	5
92.62.02	Íþróttahús án útiaðstöðu	3
92.62.2	Hestaleigur, reiðskólar	2
92.72.01	Skotvellir	4
93.01.01	Þvottahús	2
93.01.02	Efnalaugar	4
93.02.01	Hárgreiðslustofur litlar	1
93.02.02	Hárgreiðslustofur stórar	2
93.02.2	Snyrtistofur litlar	1
93.02.2	Snyrtistofur stórar	2
93.02.3	Húðflúrstofur	2
93.02.4	Húðgötun	1
93.03.01	Líkbrennslur	6
93.04.01	Líkamsræktarstöðvar	3
93.04.01	Líkamsræktarstöðvar með setlaug	4
93.04.02	Nuddstofur	1
93.04.03	Sólbaðstofur	2
93.05.01	Almenningssalerni	1
98	Losunarstaður fyrir ómengaðan jarðveg	4
Óflokkað	Önnur verslun með merkingarskyldar efnavörur lítið	2
Óflokkað	Önnur verslun með merkingarskyldar efnavörur meðal	3
Óflokkað	Önnur verslun með merkingarskyldar efnavörur mikið	5
Óflokkað	Verslunarmiðstöðvar	1
Óflokkað	Opin leiksvæði	tímagj.
Óflokkað	Dýrasnyrtistofur	1
Óflokkað	Fristundaheimili í húsnæði skóla	1
Óflokkað	Fristundaheimili í húsnæði skóla með lágmarks matargerð	2
Óflokkað	Fristundaheimili með eldhúsi	3

Isat-flokkur	Atvinnugrein	Gjaldflokkur
Óflokkað	Setlaugar tengdar annarri starfsemi	2
Óflokkað	Íþróttasvæði með búningaðstöðu	3
Óflokkað	Úttekt vegna sóttvarnavottorðs	tímagj.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2021